

2005080013
6702; 9310

Vegagerðin
Birgir Guðmundsson, umdæmisstjóri
Miðhúsavegi 1
600 Akureyri

Reykjavík, 12. september 2005

Efni: Norðausturvegur, Arnarstaðir-Brekka í Öxarfjarðarhreppi. Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis Vegagerðarinnar dags. 5. ágúst 2005 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt endurbygging Norðausturvegar milli Arnarstaða og Brekku í Núpasveit, Öxarfjarðarhreppi, samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 10 b í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar Öxarfjarðarhrepps, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Umhverfisstofnunar og veiðimálastjóra.

Umsagnir bárust frá Öxarfjarðarhreppi með bréfi dags. 12. ágúst 2005, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 25. ágúst 2005, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 16. ágúst 2005, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 30. ágúst 2005 og veiðimálastjóra með bréfi dags. 11. ágúst 2005. Frekari upplýsingar bárust frá Vegagerðinni með bréfum dags. 16., 28. og 30. ágúst og 8. september 2005.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Fyrirhuguð framkvæmd felst í því að endurbyggja Norðausturveg á 12 km kafla sem hefst skamm sunnan Daðastaðavegar og endar skammt frá heimreiðinni að Brekku. Vegurinn verður byggður samkvæmt vegtegund C 1 sem er 7,5 m breiður með 7,3 m breiðu, bundnu slitlagi og hannaður fyrir 90 km/klst hámarkshraða. Vegurinn verður breiðari og hærri en núverandi vegur til að minnka snjósöfnun á veginum. Endurbyggði vegurinn liggur að mestu leyti á núverandi vegi nema um Svelting, auk þess sem lítils háttar hliðrun verður við Presthólalón og Brekkuhamar. Við Svelting er mesta hliðrun vegarins 60-65 m en á 500 m kafla við Presthólalón er áætluð færsla um 10 m þar sem hún er mest. Gert er ráð fyrir minni færslu vegarins við Brekkuhamar. Samhliða vegagerðinni verða þrjár einbreiðar brýr aflagðar og ræsi sett í þeirra stað. Gert er ráð fyrir einum undirgöngum fyrir sauðfé.

Áætlað er að um 212.000 m³ af efni þurfi í framkvæmdirnar. Efnistaka er fyrirhuguð úr sex

námum; tveimur námum við Daðastaði, önnur þeirra er við Daðastaðaveg og hin er frágengin náma skammt sunnan Naustár. Ný náma verður opnuð við Valþjófsstaði auk þriggja náma í landi Presthóla, Djúpadalsnámu sem er sunnan bæjarins, Hrauntúnsnámu við fjárhús á Presthólum og Presthólanámu. Gert er ráð fyrir að taka 24.000 m³ við Daðastaðaveg, 14.000 m³ við Naustá, 5.000 m³ við Valþjófsstaði, 54.000 m³ úr Djúpadalsnámu, 24.000 m³ úr Hrauntúnsnámu og 30.000 m³ úr Presthólanámu. Gert er ráð fyrir að 61.000 m³ fáiast úr skeringum.

Í gögnum Vegagerðarinnar kemur fram að framkvæmdum verði hagað þannig að sem minnst rask verði á gróðri og jarðvegi og að vegskeringar verði ekki hafðar ófrágengnar lengur en nauðsyn krefur. Öllum lífrænum jarðvegi sem finnst í yfirborði verði ýtt ofan af til að geyma og jafna yfir svæðin í lok framkvæmdar. Vegskeringar og námur verði sléttaðar í samræmi við landslag og halla umhverfis. Við uppgræðslu verði sáð í vegkanta og vegfláa á grónu landi með gróðurtegundum sem henti fyrir svæðið og skera sig ekki úr umhverfinu. Leitað verði til Umhverfisstofnunar eftir þörfum um hvernig staðið skuli að uppgræðslu vegsára. Allur frágangur verður í samráði við landeigendur og eftirlitsráðgjafa Umhverfisstofnunar. Þar sem skepnuheldum girðingum verði raskað verði þær lagfærðar í samráði við landeigendur.

Fram kemur að tilgangur framkvæmdarinnar er að auka umferðaröryggi og tryggja greiðari samgöngur á Norðausturvegi. Gert er ráð fyrir að verkið hefjist haustið 2005 og ljúki sumarið 2006.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Öxarfjarðarhreppur, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra, Umhverfisstofnun og veiðimálastjóri telja að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Áhrif á menningarminjar. Í umsögn Fornleifaverndar ríkisins kemur fram að stofnunin hafi þegar veitt leyfi fyrir rannsóknum á fjárskýli (NP-068:022) sem grafið sé undir sandi rétt við núverandi þjóðveg í landi Brekku. Grafa verði könnunarskurð, austan vegar á því svæði, sem rask vegna nýja vegarins nái út fyrir þann gamla. Könnunarskurður muni leiða í ljós hvort þarna sé mannvirki og hvort hætt sé við skemmdum á því vegna vegagerðarinnar. Ef mannvirkið finnst og ef ljóst sé að það muni skemmast vegna vegagerðarinnar verði að rannsaka það að fullu með fornleifauppgreftri. Einnig hafi Fornleifavernd ríkisins veitt leyfi til að mæla og merkja inn á loftmynd gamlan þjóðveg sem liggja um Svelting og fylgi svipuðum slóðum og núverandi þjóðvegur norður. Í brekkunni við Svelting sé vegurinn að hluta til uppbyggður. Þessarar uppbyggingar sé ekki getið í fornleifaskráningu. Ljóst sé að mannvirki þetta muni lenda undir fyrirhugðum vegi. Því sé nauðsynlegt að mæla upp og teikna veginn á þeim kafla sem hann sé uppbyggður. Einnig þurfi að gera um 2 m breiðan könnunarskurð þvert á veginn og teikna hann í sniði og fleti. Nokkrar fornleifar séu staðsettar innan við 100 metra frá veginum. Ein þeirra, dys upp af Magnavík í landi Valþjófsstaða, sé friðlýst. Hinar séu Goðasteinn á landamerkjum Valþjófsstaða og Presthóla og Brekkusel í landi Brekku en þar liggja vegurinn í um 20 m fjarlægð frá ystu mörkum túngarðs. Fornleifavernd ríkisins telur nauðsynlegt að þessir staðir verði merktir áður en framkvæmdir hefjist til að tryggja sé að vinnuvélar raski þeim ekki.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að fullt tillit verði tekið til ofangreindra mótvægisáðgerða og verði fornleifar í nágrenni vegsvæðisins, þar með taldar dysin í landi Valþjófsstaða,

Goðasteinn og Brekkusel, girtar af eða merktar á áberandi hátt og kynntar í útboðsgögnum. Varðandi Brekkusel í landi Brekku bendi Vegagerðin á að samkvæmt mælingum á loftmynd sé vegurinn í um 70 m fjarlægð frá ystu mörkum túngarðs.

Áhrif á fiskgengd. veiðimálastjóri bendir á nauðsyn þess að öll ræsi verði vel fiskgeng.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að ræsin sem sett verði í stað einbreiðra brúa yfir Naustá, Valþjófsstaðaá og Klapparós verði öll vel fiskgeng. Önnur ræsi verði staðsett þar sem myndast geti vatnsfarvegir í leysingum á vorin og þegar úrkoma sé mikil. Ræsi sem eingöngu séu sett fyrir regn- og leysingarvatn verði ekki fiskgeng.

Áhrif á jarðmyndanir. Umhverfisstofnun bendir á að tvær efnisnámana, Hrauntúnsnáma og Presthólanáma, séu í eldhrauni sem sé jarðmyndun sem njóti sérstakrar verndar samkvæmt lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að staðið verði þannig að efnisvinnslu úr Hrauntúnsnámu að hraunbrúnin verði öll færð innar og að gengið verði frá námusvæðinu að vinnslu lokinni. Stofnunin telur að efnistöku í Presthólanámu verði að setja þau skilyrði að ekki verði raskað gervigígum í hrauninu og að þar verði ekki frekari efnistöka að framkvæmdum loknum. Frágangur námunnar verði þar með að miðast við að námunni verði lokað og að námuvegur verði fjarlægður.

Umhverfisstofnun telur að það verði að liggja ljóst fyrir hvernig framkvæmdaraðili muni ganga frá námusvæðum að framkvæmdum loknum. Stofnunin telur ekki ásættanlegt að það orki tvímælis hvort framkvæmdaraðili muni ganga frá efnistökusvæðum í samræmi við lýsingu í tilkynningu um framkvæmdina og gerir því athugasemdir við það í tilkynningunni að gengið verði frá öllum efnistökusvæðum sem nýtt verði vegna þessarar framkvæmdar nema eindreginn vilji landeigenda kveði á um annað. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að gengið verði frá nýjum námum sem opnaðar verða vegna framkvæmdarinnar og frá námum í eldhrauni. Í opnum námum þar sem fyrirbyggjandi eru áætlanir um frekari efnistöku af hálfu námurétthafa, verði a.m.k. gengið frá því svæði sem raskast vegna efnistöku Vegagerðarinnar.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að Hrauntúnsnáman verði unnin þannig að hraunbrúnin færist öll innar. Gengið verði frá námusvæðinu að efnisvinnslu lokinni. Presthólanámunni verði lokað að efnistöku lokinni, sáð í hana og gengið frá námuveginum. Vegagerðin bendir á að til standi að loka öllum þeim námum sem Vegagerðin nýti vegna framkvæmdanna. Hins vegar sé opin náma í landi Daðastaða sem landeigandi nýti nú. Ekki hafi staðið til að loka þeirri námu nema eindregin ósk landeigenda þess efnis kæmi fram. Fram kemur að allur frágangur verði í samráði við eftirlitsráðgjafa Umhverfisstofnunar.

Áhrif á gróður og fuglalíf. Umhverfisstofnun telur að þar sem að endurbyggður vegur sé að mestu leyti á vegstæði núverandi vegar séu ekki líkur á að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa umtalsverð áhrif á gróður eða fuglalíf.

Sjónræn áhrif. Umhverfisstofnun telur að skeringar og fyllingar vegna fyrirhugaðrar vegagerðar muni hafa nokkur sjónræn áhrif í för með sér, einkum við Svelting þar sem gert er ráð fyrir miklum fyllingum og töluverðum skeringum. Töluverðar skeringar verði einnig við Hafnarmel og Brekkumel. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að flái og frágangur skeringa verði með þeim hætti að þær falli sem best að landinu umhverfis þær.

Í svörum Vegagerðarinnar kemur fram að landið verði sléttað í samræmi við landslag og halla

umhverfis, og reynt að gera sár í landi sem minnst áberandi. Þá verði allur frágangur í samráði við landeigendur og eftirlitsráðgjafa Umhverfisstofnunar.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða að endurbyggingu Norðausturvegar á 12 km kafla sem hefst rétt sunnan Daðastaðavegar og endar skammt frá heimreiðinni að Brekku. Hinn nýji vegur fylgir að mestu núverandi vegi nema á þremur stöðum og er mesta færsla 60-65 m við Svelting. Ekki sé með fullu ljóst hver áhrif framkvæmdanna á menningarminjar verði þar sem niðurstöður fornleifarannsóknna liggi ekki fyrir. Nauðsynlegt sé að niðurstöður þeirra verði bornar undir Fornleifavernd ríkisins um leið og sótt verði um leyfi vegna þeirra fornminja sem þarf að raska vegna framkvæmdanna. Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdanna á gróður og dýralíf verði fremur lítil. Að öllum líkindum verði sjónræn áhrif framkvæmdanna mest vegna skeringa og fyllinga. Því skipti afar miklu að á framkvæmdatíma verði þess sérstaklega gætt að halda öllu raski í lágmarki og að gengið verði frá fyllingum og efnistökusvæðum þannig að þau falli sem best að náttúrulegu umhverfi. Verði þess gætt telur Skipulagsstofnun að hin neikvæðu áhrif verði fremur lítil en áhrif framkvæmdanna á umferðaröryggi og bætta samgöngur verði jákvæð.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Vegagerðarinnar við tilkynningu og umsögn um þau. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að endurbygging Norðausturvegar milli Arnarstaða og Brekku í Öxarfjarðarhreppi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Öxarfjarðarhrepps skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. Framkvæmdin er á óskipulögðu svæði og þarf hreppsnefnd því að leita meðmæla Skipulagsstofnunar með veitingu framkvæmdaleyfis, sbr. 3. tl. bráðabirgðaákvæða skipulags- og byggingarlaga. Jafnframt ber Vegagerðinni að sækja um leyfi til Fornleifaverndar ríkisins vegna þeirra fornleifa sem eru í hættu vegna framkvæmdanna.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 12. október 2005.

Þóroddur F. Þóroddsson

Sigurður Ásbjörnsson

Afrit: Umhverfisráðuneytið, Öxarfjarðarhreppur, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra, Umhverfisstofnun og veiðimálastjóri.

